

Gjald af fasteignum við götur, þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. 10% vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Dalasýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd Dalasýslu hefur yfirstjórn allra fjallskilamála innan sýslunnar, en hreppsnefndir annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverjum hreppi.

2. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sérstaka fjallskilabók. Í hana skal rita það sem viðkemur fjallskilum í hreppnum.

II. KAFLI

Um afrétti, smölun þeirra og annarra leitarlanda.

3. gr.

Fjallskil skulu ná til þess lands, sem leitað hefur verið undanfarin ár. Þó er hreppsnefnd heimilt að ákveða annað.

4. gr.

Alla þá menn í hverjum hreppi, sem skyldir eru til, samkv. 5. gr. að gera fjallskil, skal hreppsnefnd kveðja til þess skriflega á ári hverju með nægum fyrirvara. Í slíkum fjallskilaboðum skal taka fram, hvaða fjallskil hver og einn eigi að inna af hendi, í hvaða landi hver skuli ganga, hvernig fjallskilum skuli haga, rekstrum til réttar, geymslu safnsins við réttina þar til réttarstarf byrjar, hverjir sækja skuli fé í réttir utanhrepps, hverjir skuli vera leitarstjórar og hve margir og yfirleitt sérhvað annað er að fjalleitum lýtur.

Fjallskilaboð gangi sem þingboð um hreppinn og varðar sektum, ef það tefst eða glatast fyrir vanrækslu eða hirðuleysi.

Allir fjáreigendur skulu að forfallalaus, skyldir til að taka við leitarstjóra- starfi og hafa það á hendi, svo sem hreppsnefnd vill. Til að sækja sauðfé og hross í réttir utanhrepps skulu ávallt valdir markglöggir og aðgætnir menn, og skulu þeir hafa með sér markaskrá sýslunnar, er ný mörk séu færð inn í.

5. gr.

Fjallaskilaskyldur er hver sá, sem á kindur, hvort sem eru í heimahögum eða ekki, og hross á afrétti. Skal hver leggja til fjallskila það, sem hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefndin skal meta allan fjallskilakostnað leitarsvæðisins til peningaverðs, og ber að jafna því gjaldi niður á alla þá, er fjallskilaskyldir eru, eftir réttu hlutfalli. Nefnist sú upphæð fjallskilasjóður. Skal jafnt auratal lagt á hvert hross, þar sem þeim er smalað til réttar, sem á 3 sauðkindur. Þegar fjallskil einhvers nema hálfu dagsverki eða meiru, á hreppsnefnd heimtingu á, að hann leggi mann til fjallskila, ef þörf krefur. Reki menn fénað sinn í aðra hreppa til sumargöngu, eða hafi fé sitt í girðingu yfir sumarið, er hreppsnefnd heimilt að færa niður fjallskilakostnað að nokkru. Full fjallskil greiðast af fé því, sem utanhreppsmenn reka til sumargöngu í hreppinn, og ber sá, er tekur fénaðinn, ábyrgð á greiðslunni. Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafólk sitt gegn endurgjaldi frá hlutaðeigendum.

Tekjum fjallskilasjóðs skal varið til að greiða kostnað við fjallskil á hausti, gæslukostnað á úrtfiningsfé o. fl. eftir ákvæðum hreppsnefndar. Tekjur fjallskilasjóðs hafa lögtaksrétt.

6. gr.

Allir búendur hreppsins eru skyldir að láta smala heimalönd sín fyrir seinni rétt svo snemma, að allt ókunnugt fé, er finnast kann í heimalandi, geti náð til réttar, áður en réttarstarf hefst. Búendur skulu flytja féð til réttar eða í réttarsafn.

Á eyðiörðum hvílir smölunarskylda á þeim, er hafa á leigu beitarafnot jarðarinnar. Sé jörðin ekki nytjuð á þann hátt, þá sjái hreppsnefnd um smölun á kostnað jarðareiganda. Heimilt er hreppsnefnd að leggja fjallskilakostnað á eigendur eyðjarða og jarða í ábúð, sem ekki hafa sauðfjárbú, sem svara einu dagsverki á hver 30 000 í landverði jarðarinnar samkvæmt fasteignaverði 1971. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða vorsmölun til mörkunar og rúnings ef hún telur ástæðu til.

Enginn má smala ógirt lönd frá 10. júlí til fyrstu réttar, nema með leyfi hlutaðeigandi oddvita.

7. gr.

Aðalhaustleitir skulu vera tvær: Fyrsta leit laugardag í 23. viku sumars, nema í Miðdalahreppi, sunnudag í 23. viku sumars, þó aldrei síðar en 25. sept. en ella laugardag í 22. viku sumars. Þessar undantekningar eru frá áður gefinni reglu: Í Haukadalshreppi skal fyrsta leit til Vatnsréttar vera degi fyrr en til Kirkjufellsréttar, en til Fellsendaréttar degi síðar en til Kirkjufellsréttar. Til Dunksréttar skal

leitað degi fyrr en til Hólsréttar. Heimilt er að skipta leitum á tvo daga, ef þörf krefur vegna mannfæðar.

Önnur leit skal á hverjum stað vera tveim vikum, síðar en fyrsta leit.

Réttað skal leitardagana í Dunksrétt, Flekkudalsrétt, Tungurétt, Ormsstaðarétt og Skarðsrétt, en í hinum réttunum næsta dag eftir leitardag.

8. gr.

Skilaréttir skulu haldnar daginn eftir aðra leit í öllum hreppum sýslunnar, nema í Gillastaðarétt skal rétta degi síðar.

9. gr.

Eftirleitir fari fram eftir ákvörðun hreppsnefndar. Þurfi að skilja eftir kindur í leitum, hvort sem er í sjálfheldu eða af völdum sjúkdóma eða slysa, sjái viðkomandi leitarstjóri í samráði við oddvita um að ná í féð, sé þess kostur. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði.

10. gr.

Leitarstjórar skulu gæta þess vandlega, að allir þeir sem menn eiga að leggja til í fjallleitir, sendi svo marga fullgilda leitarmenn, sem hreppsnefnd hefur fyrirskipað, og að allir leitarmenn fylgi fjársafni sínu til réttar. Þeir skulu og sjá um, að leitir fari vel og skipulega fram, að leitarmenn hefji leit sína strax og sauðljóst er orðið, biði hver eftir öðrum á gangnamótum, að svo miklu leyti sem því verður við komið, og haldi leitunum samhliða.

Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi telur óhæfan sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hafi engan sent. Sama gildir um þann, er sendir ófullgildan mann í útréttir.

11. gr.

Ef einhver vanrækir að láta mann til fjallskilastarfa, skulu leitarstjórar eða hreppsnefnd kaupa mann í staðinn, sé þess kostur, og greiði sá manninum, er leitina átti að inna af hendi. Fáist ekki maður til leitarstarfa, greiði sá, er dagsverkið átti að inna af hendi, dagsverkið til fjallskilasjóðs.

III. KAFLI

Um réttir, réttarstörf og úrtíning.

12. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að lögréttir og aukaréttir séu ávallt í góðu standi. Skulu dilkar að jafnaði svo stórir, að eigi þurfi að hleypa út úr þeim fyrr en fjárdrætti er lokið. Hreppsnefndir skulu sjá um, að bílum, og dráttartækjum sé fært að lögrétt, og aðstaða sé til að koma réttarfé á bíla eða fjárvagna.

Allir þeir hreppar, er sauðfé gengur saman hjá á sumrum, skulu kosta byggingu og viðhald á hæfilega stórum dilkum við lögrétt þess hrepps, sem fjárvon er í, eftir samkomulagi viðkomandi hreppsnefnda.

Allir einstakir fjáreigendur, er fá upprekstur í öðrum hreppum, sjái sér fyrir dilkaplássi, sé þess krafist af viðkomandi hreppsnefndum.

Kostnaður við byggingu almenningsréttar skal greiðast úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar. Heimilt er sveitarstjóra að jafna niður á fjallskilaskylda aðila gjaldi í fjallskilasjóð vegna réttarbyggingar. Hluta af gjaldinu má leggja á landverð jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Sveitarstjórn getur ákveðið framlag sveitarsjóðs.

13. gr.

Valdi réttarbygging gróðurspillingu eða jarðusla, skal endurgjald koma fyrir úr hreppssjóði eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður tilnefnir.

14. gr.

Lögréttir eru þessar:

- Í Hörðudalshreppi á Hóli.
- Miðdalshreppi á Fellsenda.
- Haukadalshreppi við Villingadalsá.
- Laxárdalshreppi á Gillastöðum.
- Hvammshreppi á Skerðingsstöðum.
- Fellsstrandarhreppi í Túngarði.
- Klofningshreppi á Ormsstöðum.
- Skarðshreppi á Geirmundarstöðum.
- Saurbæjarhreppi á Efrimúla.

Aukaréttir eru:

- Á Dunki í Hörðudalshreppi.
- Á Vatni í Haukadalshreppi.
- Í Stórutungu í Fellsstrandarhreppi.

Breyta má um lögréttarstað eftir ákvörðun hreppsnefndar og með samþykki sveitarfundar og sýslunefndar.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar réttarstörfum, nema hreppsnefnd ákveði annað. Hreppstjórar annast löggæslu í réttum.

16. gr.

Enginn má marka kind á eyrum í lögrétt, nema með leyfi réttarstjóra. Ekki má taka fé úr dilkum án hans leyfis.

17. gr.

Réttarstjóri skal hafa gætur á, að ekki séu teknir ómerkingar úr réttinni fyrr en sundurdrætti er lokið. Þá ómerkinga, sem engin ær helgar sér, skal láta í sérstakan dilk, og hleypa þangað þeim ám, sem líkur eru til að vanti lamb undir. Þá ómerkinga, sem af ganga, skal farið með eftir gildandi fyrirmælum.

Þær kindur, sem að dómi tilkvaddra manna, hafa skemmd eyru og ekki er hægt að greina hvaða mark er á, skal farið með sem ómerkinga. Andvirði þeirra kinda, sem enginn sannar eignarrétt sinn á, rennur í sveitarsjóð.

18. gr.

Búanda þeim, sem ábúð hefur á jörð. Þar sem lögrétt eða aukarétt er, skal gjalda réttartoll, 1—2 fjallskiladagsverk, eftir samningi hreppsnefndar við viðkomandi jarðeiganda.

19. gr.

Þeir menn, sem sendir eru í lögréttir utan hrepps, skulu skila því sauðfé, er þeir taka í réttinni, á þann hátt sem hreppsnefnd ákveður.

20. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um geymslu fram að skilarétt, á þeim kindum, sem þekkjast, en enginn hirðir í fyrstu rétt.

21. gr.

Ef sauðfé finnst í afréttum eða í heimahögum eftir réttir, þá skal finnandi koma því til byggða, ef kostur er, og tilkynna eiganda eða oddvita.

22. gr.

Fyrir hver árslok skal hreppstjóri láta birta í Lögbirtingablaði mörk og lýsingu á því óskilafé, sem selt hefur verið í hreppnum á árinu. Þeir sem sanna eignarrétt sinn á hinum seldu skepnum fyrir Mikaelsmessu næsta ár, eiga heimtingu á andvirði hins selda búfjár, að frádregnum áföllnum kostnaði. Andvirði óskilapenings, sem enginn sannar eignarrétt sinn á, rennur í sveitarsjóð.

IV. KAFLI**Um mörk og markaskrár.****23. gr.**

Fjármörk eru: Eyrnamörk, hornamörk, brennimörk og plötumerki. Hver fjár-eigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. Skylt er hverjum fiáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á vinstra horni, ef fé er hyrnt, en ella plötu í vinstra eyra með sömu stöfum og hrepps-brennimarkið.

24. gr.

Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá sýslunnar. Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá, né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti mark, eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan átta ára.

25. gr.

Sýslunefnd ræður mann til að hafa umsið með upptöku nýrra marka og að búa markaskrá undir prentun. Markaskrá sé prentuð eigi sjaldnar en áttunda hvert ár.

Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð.

Vili einhver taka upp mark milli þess sem markaskrá er prentuð, skal leita samþykkis markavarðar, og lætur hann auglýsa markið í Lögbirtingablaði. Eigendaskipti að mörkum tilkynnast markaverði.

V. KAFLI**Um ágang afréttarpenings o. fl.****26. gr.**

Verði mikil bröð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga, getur sá er fyrir verður gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um óeðlilegan ágang er að ræða, skípa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps eða hreppa, er afréttinn nota.

27. gr.

Skylt er að hafa stórgripi í vörslu, svo að þeir valdi ekki ágangi í högum annarra. Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá er fyrir því verður, kært til hreppsstjóra. Hreppsnefnd er heimilt að setja reglugerð um vörslu búfjár.

28. gr.

Sé ágangspeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelt. Ef innsettur fénaður ferst eða verður fyrir skemmdum, greiðir sá er inn setur bætur til eiganda.

29. gr.

Eigendum búfjár í þéttbýli er skylt að hafa fénað sinn í öruggri girðingu, sé hann innan þess svæðis, sem skipulagt er.

30. gr.

Skepnur, sem sérstaklega eru áleitnar í ræktuð lönd, skal eigandi hirða, þegar tilsagðar eru og setja í örugga vörslu. Vanræki eigandi að hirða tilsagðan fénað má kæra til hreppstjóra.

31. gr.

Telji hreppsnefnd ofsetin beitarlönd á einstökum jörðum í hreppnum eða á afrétti, þá getur hún krafist ítölu, samkv. 17. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42, 12. maí 1969.

VI. KAFLI

Um hross.

32. gr.

Sérhver hrosseigandi er skyldur að hafa glögg eyrnamark eða önnur merki á hrossum sínum. Hver sá sem hefur hross á afrétti, skal koma þeim á sumargöngu eigi síðar en 8 vikur af sumri, eða þá nægur gróður er kominn, nema land hans liggja svo, að ekki geri hrossin öðrum skaða með ágangi.

33. gr.

Öllum hrossum á afrétti skal smalað til annarrar réttar. Með óskilahross skal farið sem óskilakindur. Þó skulu þau seljast með 3 vikna auglýsingarfresti fyrir söludag og 12 vikna innlausnarfresti eftir söludag. Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gjaldfrestur á söluverðinu sé einnig 12 vikur. Kostnað allan greiðir eigandi.

Brot á reglugerð þessari varða sektum frá 5 000 og allt að 50 000 krónum.

34. gr.

Fjallskilareglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42, 12. maí 1969 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu nr. 173 frá 1. október 1962.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. september 1975.

Vilhjálmur Híálmarsson.

Ragnheiður Árnadóttir.